



Borgarráð

Reykjavík, 6. janúar 2025
FAS24090013

Vegbrekkur 99 - Bláskógar, kaup

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi kaupsamningi fyrir sumarhúsið Bláskóga við Vegbrekkur 99 á Hólmsheiði.

Greinargerð

Um er að ræða fasteignina Bláskóga, F2044140, landeignanúmer L110994, sem er staðsett við Vegbrekkur 99, póstr. 161 í Reykjavík.

Skráður eignarhluti er einn, þ.e. lítið timburhús merkt 02-0101. Að auki er á lóðinni trjágróður og ræktun.

Húsið var byggt árið 1964 sem sumarbústaður. Ekki er til staðar nógildandi lóðarleigusamningur fyrir eignina og stendur eignin á landi Reykjavíkurborgar. Gildandi fasteignamat fyrir árið 2024 er 8.530.000,-, þar af er húsmat 2.730.000 kr.

Húsið er því keypt til niðurrifs. Staðsetningin er þar sem nýtt athafnasvæði á Hólmsheiði kemur til með að rísa.

Kaupverð er 4.000.000,-

Gert verði ráð fyrir kaupum í fjárfestingaráætlun.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Kaupsamningur undirritaður af seljendum

Kaupsamningur og afsal

Undirritaðir aðilar, Magnús M Norðdahl, kt. 300956-3199, Álfaheiði 7, 200 Kópavogi, Hrönn Norðdahl, kt. 161153-4869, Kristnibraut 43, 113 Reykjavík, Hreggviður Norðdahl, kt. 050251-4389, Álfhólsvegi 93, 200 Kópavogi og Svala Norðdahl, kt. 140652-4319, Íragerði 12A, 825 Stokkseyri (hér eftir í sameiningu nefndur „seljendur“) og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík („hér eftir nefndur „kaupandi“), gera með sér svofelldan kaupsamning:

1 Hið selda

- 1.1 Seljendur selja kaupanda fasteignina Bláskóga við Vegbrekku 99, 161 Reykjavík, fasteignanúmer F2057578 og landeignanúmer L113451 auk alls þess sem á landinu stendur, þ.m.t. ræktun, trjágróður o.fl.
- 1.2 Á lóðinni, sem var leigulóð í eigu kaupanda, stendur lítið sumarhús, 22,3 m² úr timbri. Fasteignamat er 8.530.000 og lóðarmat er 5.800.000 kr. Fasteignin er seld kaupanda til niðurrifs.

2 Kaupverð og greiðslufyrirkomulag

- 2.1 Kaupverðið er **4.000.000 kr.** – skrifað fjóramilljónirkróna.
- 2.2 Greiðsla kaupverðs fer fram að fullu við undirritun kaupsamnings og afsals þessa. Kaupverð skal greitt inn á reikning 2200-26-002754, kt. 300956-3199. Greitt verður eigi síðar en 30 dögum eftir undirritun kaupsamnings.

3 Afhending hins selda

- 3.1 Afhending hins selda fer fram við undirritun kaupsamnings og afsals þessa („afhendingardagur“). Frá þeim tíma nýtur kaupandi alls arðs af hinu selda og greiðir af því skatta og skyldur. Lögskilauppgjör fer fram við kaupsamning og afsal og miðast það við afhendingardag.
- 3.2 Hið selda er selt án veðbanda og án kvaða. Áhætta af eigninni flyst frá seljendum til kaupanda á afhendingardegi.

4 Annað

- 4.1 Kaupandi skal greiða stimpil- og þinglýsingargjöld af kaupsamningi og afsali þessu.
- 4.2 Samningur þessi er undirritaður í þremur eintökum og skal hvor aðili um sig halda einu eintaki og eitt eintak skal lagt inn til þinglýsingar.
- 4.3 Um kaupsamning og afsal þetta og réttarsamband aðila gilda lög nr. 40/2004 um fasteignakaup og skal ágreiningur vegna hans rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur nema aðilar verði ásáttir um annað.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.


Upphafsstafir



Reykjavík, dags. 11.12 '24

F.h. Reykjavíkurborgar samkvæmt
samþykki borgarráðs þann

F.h. seljanda



Magnús M Norðdahl



Hrönn Norðdahl



Hreggviður Norðdahl



Svala Norðdahl

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði

Nafn og kt.

Nafn og kt.

Umboð

Við undirrituð, Svala Norðdahl, kt. 140652-4319, Hreggviður Norðdahl, kt. 050251-4389 og Hrönn Norðdahl, kt. 161153-4869 veitum hér með Magnúsi Norðdahl, kt. 300956-3199 fullt og óskorað umboð til að ganga frá sölu á eigninni Vegbrekkur 99, fnr. 205-7578 fyrir okkar hönd. Umboðið nær til þess að undirrita kaupsamning og/eða afsal ásamt því að móttaka og greiða greiðslur vegna sölunnar.

Allt sem Magnús Norðdahl gerir varðandi sölu þessa samkvæmt umboðinu, er jafngilt og við hefðum gert það sjálf.

Reykjavík 9.12 2024
Staður og dagsetning

Svala Norðdahl
Svala Norðdahl, kt. 140652-4319

Hreggviður Norðdahl
Hreggviður Norðdahl, kt. 050251-4389

Hrönn Norðdahl
Hrönn Norðdahl, kt. 161153-4869

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði.

Viðskiptaforstjóri 130585-2329
Nafn Kennitala

Halldur Ólafur 140983-5519
Nafn Kennitala